

Viðskiptaafgangur var 11,1 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2019 – hrein staða við útlönd jákvæð um 628 ma.kr.

Á öðrum ársfjórðungi 2019 var 11,1 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Halli á vöruskiptajöfnuði var 42,7 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði¹ var 52,1 ma.kr. Frumpáttatekjur skiluðu 8,6 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 6,9 ma.kr. halla (sjá töflu).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2019 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.878 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.249 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 628 ma.kr. eða 21,8% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 44 ma.kr. eða 1,5% af VLF á fjórðungnum. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 9 ma.kr. á fjórðungnum. Erlendar eignir jukust um 56 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en skuldir hækkuðu um 47 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 61 ma.kr. Það skýrist aðallega af 2,8% verðhækkunum á erlendum verðbréfamörkuðum á ársfjórðungnum en einnig um 2,2% lækkun á gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog.

¹ [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

² Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2018/2</u>	<u>2018/3</u>	<u>2018/4</u>	<u>2019/1</u>	<u>2019/2</u>
Viðskiptajöfnuður	-4,4	73,6	2,7	40,3	11,1
Vöruskiptajöfnuður	-51,9	-47,6	-37,6	2,7	-42,7
Þjónustujöfnuður	51,4	123,4	36,3	30,2	52,1
Jöfnuður frumbáttatekna	0,5	3,7	11,1	14,4	8,6
Rekstrarframlög, nettó	-4,4	-5,9	-7,1	-7,0	-6,9
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,3	-0,7	-0,4	-0,5
Fjármagnsjöfnuður	-14,9	90,2	46,1	84,7	9,0
Bein fjárfesting	-19,0	46,4	-1,3	20,9	18,3
Verðbréf	1,4	22,7	117,6	25,5	-40,9
Afleiður	0,7	-0,7	2,6	0,2	1,7
Önnur fjárfesting	-2,4	21,4	-82,9	45,1	-34,3
Gjaldeyrisforði	4,3	0,4	10,1	-7,0	64,3
Skekjur og vantalið, nettó	-10,1	16,9	44,1	44,7	-1,6

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2019/1	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2019/2
Erlendar eignir, alls	3.733	56	112	-23	3.878
Bein fjárfesting	779	27	19	-4	822
Verðbréf	1.556	8	69	-11	1.623
Afleiður*	8	2	0	0	10
Önnur fjárfesting	625	-45	11	-8	582
Gjaldeyrisforði	765	64	12	0	841
Erlendar skuldir, alls	3.150	47	51	2	3.249
Bein fjárfesting	1.202	8	18	5	1.234
Verðbréf	1.262	49	26	-3	1.335
Afleiður*	6	0	-1	0	6
Önnur fjárfesting	679	-11	8	0	675
Hrein staða þjóðarbúsins	584	9	61	-25	628
% af VLF	20,3%	0,3%	2,1%	-0,9%	21,8%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.